

Grein í Skessuhorn, Jökul og Stykkishólmspóstinn – 14. og 15. jan. 2015.

FSN – fjárlögin, forsagan og framtíðin

Fjölbrautaskóli Snæfellinga þarf að fækka fjarnemum við skólann um nærri helming á þessari önn vegna niðurskurðar á fjárlögum. Í viðtali á RÚV í sl. viku útskýrði skólameistari það sem við skólanum blasir, nú þegar fjárlög ársins 2015 koma til framkvæmda. Undirrituð tekur undir áhyggjur skólameistara og bætir hér nokkrum skýringum við. Rétt er að taka fram að þessi niðurstaða kemur ekki alveg á óvart. Hún er staðreynd, þrátt fyrir baráttu skólanefndar og sveitarstjórnarmanna, á Snæfellsnesi og sunnanverðum Vestfjörðum, nú í haust, við að fá þessum forsendum breytt.

Fjárlög 2015

Niðurskurðurinn byggir einkum á tveimur forsendum. Annars vegar er nemendaígildum við skólann fækkað úr 185 í 151 eða um 18,4%. Nemendaígildin eru nemendakvóti skólans sem fjárframlög hans byggjast á. Ekkert fæst fyrir að mennta nemendur „umfram kvóta“. Fækkunin tengist annarri forsendu; þeirri að skólinn eigi að einbeita sér að „kjarnastarfsemi“ framhaldsskóla, sem sé að mennta dagskólanemendur á hefðbundnum framhaldsskólaaldri – undir 25 ára. Skólinn eigi því ekki að sækjast eftir dreif- og fjarnemendum.

Á móti fækkun nemendaígilda vegur reyndar tímabær hækkun greiðslu fyrir hvert ígildi til að mæta kjarasamningum við kennara og verðlagshækkunum. Heildarniðurstaðan varð samt sú að framlag til FSN á fjárlögum 2015 lækkaði um rúm 3% frá fjárlögum 2014, eða um 7 millj. kr.

Fækkun fjarnema – og vandinn við það

Fækkun nemendaígilda er staðreynd hjá fleiri skólum en okkar og er skýrð að hluta með því að fólki á „framhaldsskólaaldri“ fari nú fækkandi. Einnig er yfirlýst stefna ráðuneytis menntamála að fækka nemendum eldri en 25 ára í framhaldsskólum – og það strax á þessari önn. Engu að síður eiga nemendur 25 ára og eldri sem nú eru í námi að hafa forgang til náms skv. reglugerð um innritun í framhaldsskóla, sem ekki hefur verið breytt. Forgang hafa einnig nýnemar, dagskólanemar, starfsbrautarnemar, tilvonandi útskriftarnemar og fleiri. Samanlagt munu þessir forgangshópar fara talsvert yfir 151 nemendaígildi hjá FSN. Skólinn má og gæti ákveðið að taka við fleiri nemendum, en fengi ekki greitt fyrir að mennta þá. Þegar upp er staðið væri hætt á að rýra gæði náms annarra nemenda. Svo undarlega sem það hljómar þarf skólinn þó sárlega á þessum fjarnemum að halda til að stækka nemendahópa í einstökum áföngum og bjóða fjölbreyttara nám. Skólinn hefur m.a. tekið þátt í samstarfi fleiri framhaldsskóla um Fjarmentaskólann í þessu skyni. Þarna er skólinn því í verulegri klemmu.

Forsagan og framtíðin

FSN fagnaði 10 ára afmæli á liðnu ári. Skólinn varð að veruleika fyrir samstöðu og framsýni heimamanna, stuðning og atbeina þingmanna og góðan undirbúning ráðuneytis menntamála þegar ákvörðun um skólastofnun lá fyrir. Frá 2007 hefur FSN rekið fjarnámsdeild á sunnanverðum Vestfjörðum sem nú telur hátt í 40 nemendur og er skólanum mikið kappsmál að standa faglega að þeirri starfsemi. FSN byggir á hugmyndafræði sem frá upphafi var úthugsuð: skólinn átti að verða leiðandi í að hagnýta upplýsingatækni, m.a. til fjar- og dreifnáms og leggja áherslu á sveigjanleika og einstaklingsbundið nám. Þetta hefur í megindráttum tekist þó marga dreymi um að taka enn stærri og metnaðarfillri skref.

Skólinn á óafgreidd erindi hjá ráðuneyti menntamála, sem gætu bætt fjárhagsstöðuna eitthvað á árinu 2015. Það verður þó að segjast eins og er að fyrrgreindar áherslubreytingar ráðuneytisins

eru skýrar og höggva beint að sérstöðu FSN, þ.e. þróun fjar- og dreifnáms. Það er undarlegt að sú sérstaða teljist ekki lengur vera „kjarnafærni“ okkar. Þar að auki skýtur þessi veiking skólans skökku við, nú þegar fjármunum er varið sérstaklega til að hækka menntunarstig í kjördæminu með öðrum hætti og þegar verja skal nýjum fjármunum til að flytja störf „út á land“ í því skyni að styrkja byggðir.

Skólanefnd er ekki valdamikil en sinnir sínu lögbundna hlutverki með hag skólans að leiðarljósi. Tækifærin eru fjölmörg og bjartsýnin þrátt fyrir allt skammt undan – við eigum nefnilega frábært fólk í FSN, starfsfólk og nemendur. Skólinn er gjarnan skilgreindur sem „menntastofnun“ – sem er virðulegt og mikilvægt hlutverk. Heimamenn vita þó að skólinn gegnir mun veigameira hlutverki í samfélagunum okkar en það. Þeir munu án efa sýna stuðning sinn við skólann, hér eftir sem hingað til.

Björg Ágústsdóttir, formaður skólanefndar FSN